

Minnisblað

Dagsetning: 13. október 2016

Móttakandi: Bæjarráð Akureyrarbæjar

Sendandi: Aðalsteinn Sigurðsson

Efni: Sala Akureyrarbæjar á hlutabréfum í Tækifæri hf.

Að beiðni formanns bæjarráðs Akureyrarbæjar höfum við farið yfir gögn og tímasetningar vegna sölu á eignarhluta Akureyrarbæjar í Tækifæri hf. Í þessu sambandi höfum við rætt við fjármálastjóra Akureyrarbæjar og fengið frá honum þau gögn sem til eru um þessi viðskipti og rætt við hann um forsögu málsins.

Að sögn fjármálastjóra Akureyrarbæjar höfðu fulltrúar KEA svf. samband við hann snemma árs 2015 og spurðust fyrir um hvort að eignarhluti Akureyrarbæjar í Tækifæri hf. væri til sölu. Í framhaldi af því barst formlegt tilboð frá KEA þann 19. maí 2015 þar sem KEA bauðst til að kaupa hlut Akureyrarbæjar að nafnverði kr. 116.408.129 á kr. 89.000.000. Á fundi bæjarráðs þann 21. maí 2015 hafnaði bæjarráð erindinu en fól fjármálastjóra bæjarins að ræða við tilboðsgjafa.

Í framhaldi af óformlegum viðræðum við fjármálastjóra Akureyrarbæjar í desember 2015 barst nýtt tilboð frá KEA þann 20. janúar 2016 þar sem félagið bauð kr. 116.000.000 í eignarhluta Akureyrarbæjar í Tækifæri hf. Á þessum tíma hafði fjármálastjóri Akureyrarbæjar takmarkaðar upplýsingar um rekstur Tækifæris aðrar en ársuppgjör félagsins fyrir árið 2014. Þó var vitað að rekstur Baðfélags Mývatnssveitar ehf. sem er helsta eign Tækifæris hf. hafði gengið vel og horfur í rekstri væru jákvæðar. Síðustu viðskipti sem vitað var um með bréf í Tækifæri hf. voru frá desember 2013 þar sem KEA hafði keypt eignarhluta Íslandsbanka hf., Arion banka hf., LBI hf. og Glitnis hf. á genginu 0,495. Ekkert formlegt verðmat var framkvæmt á Tækifæri hf. í tengslum við tilboð KEA en forsvarsmenn KEA höfðu lagt fram sína nálgun á verðmæti Baðfélags Mývatnssveitar sem var helsti óvissuþáttur varðandi verðmat á Tækifæri hf. Eignarhluti Akureyrarbæjar í Tækifæri hf. var bókaður á kr. 86.878.287 í ársreikningi Akureyrarbæjar fyrir árið 2014. Á fundi bæjarráðs þann 21. janúar 2016 samþykkti bæjarráð tilboðið og fól bæjarstjóra að undirrita það.

Í framhaldi af samþykki Akureyrarbæjar á kauptilboði KEA var öðrum hluthöfum í Tækifæri hf. boðið að nýta forkaupsrétt í samræmi við lög og nýtti Íslensk verðbréf hf. sinn forkaupsrétt. Endanleg sala á eignarhluta Akureyrarbæjar skiptist því þannig að KEA keypti 88,7% á kr. 102.843.851 og Íslensk verðbréf keyptu 11,3% á kr. 13.156.149.